

Alþingi
Erindi nr. P 139/2698
komudagur 24.5.2011



BARNAVERNDARSTOFA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. maí 2011
Tilvísun : 2011010134/33

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 18. maí 2011, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum, 778. mál. Barnaverndarstofa telur nauðsynlegt að gera eftirtaldar athugasemdir við frumvarpið.

I.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 50. gr. núgildandi barnalaga, en greinin felur í sér heimild héraðsdómara til þess að veita heimild til þess að koma umgengni á með aðfarargerð, að kröfu þess sem rétt á til umgengni við barn.

Greinin í núgildandi mynd kom ný inn með lögum nr. 76/2003. Samkvæmt skýringum á ákvæðinu í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 76/2003 felur það að umgengni verði komið á með aðfarargerð í sér að heimilt er, að fullnægðum lagaskilyrðum, að fara á heimili barns, eða annan þann stað sem barn dvelst á, og sækja það í því skyni að koma á umgengni milli þess og foreldris eða annars sem rétt á til umgengni við það. Samkvæmt skýringunum var ákvæðið sett sem þáttur í því að undirstrika mikilvægi þess að barn hafi tækifæri til þess að þekkja og njóta samvista við það foreldri sem það býr ekki hjá. Er þess getið að í löggjöf flestra norrænna ríkja sé að finna hliðstæð ákvæði. Þá er þess einnig getið að frá 1. nóvember 1996 hafi, skv. 6. gr. laga nr. 160/1995, verið skylt að framfylgja erlendri umgengnisákvörðun hér á landi með beinni aðfarargerð á grundvelli Evrópusamnings frá 1980 um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna.

Segir í skýringunum að þegar svo hátti til að umgengnisúrskurði sé ekki framfylgt af hálfu forsjármanns og grípa þurfi til aðgerða af hálfu yfirvalda til að koma umgengni á verði að hafa í huga að tvenns konar hagsmunir takist þar á, í fyrsta lagi hagsmunir foreldris og barns af því að njóta samvista hvors annars og í öðru lagi hagsmunir barns af því að framkvæmd umgengninnar valdi því ekki of miklum erfiðleikum eða skaða. Hér á landi hafi þau sjónarmið lengi verið ríkjandi að hætta á tjóni fyrir barn samfara því að þvinga umgengni fram með innsetningu sé svo mikil að ekki hafi þótt fært að heimila slíkt þvingunarúrræði.

Ekki er að sjá að lög nr. 160/1995 geri kröfu um að fullnusta megi umgengnisrétti með beinni aðför, að minnsta kosti ekki í öðrum tilvikum en þeim er lögin lúta að, þ.e. þegar um óheimilan flutning barns á milli landa er að ræða. Er einföld tilvísun til þess ákvæðis, ásamt löggjöf nokkurra annarra ríkja, ekki næg til þess að rökstyðja nauðsyn þess að setja slíka heimild í tengslum við hefðbundnar umgengnisdeilur innanlands. Ekki er hins vegar um frekari skýringar að ræða á því hvers vegna skyndilega er talið óhætt að heimila slíkt þvingunarúrræði með lögum árið 2003.



Barnaverndarstofa vill koma því á framfæri að stofan leggst gegn heimildinni sem slíkri, enda erfitt að sjá að hagsmunum barns geti undir þessum kringumstæðum verið best borgið með því að starfsmenn yfirvalda fari inn á heimili barnsins, helsta griðastað þess og athvarf, og fjarlægi það þaðan með valdi, á þeim grundvelli að foreldri þess hafi brotið á umgengnisrétti hins foreldrisins.

Hvað varðar þær breytingar á ákvæðinu sem lagðar eru til í frumvarpi því sem umsögn þessi lýtur að, einkum 23. gr. þess, gerir stofan þær athugasemdir í samhengi við framangreint að ekki sé það til að bæta hag barns enn frekar að bjóða því upp á ítrekaða beitingu slíkrar þvingunar.

Í athugasemdum við frumvarpið er um ákvæði 23. gr. þess vísað til ákvæðis 45. gr. laganna sem heimilar sýslumanni í yftrustu tilvikum að stöðva gerð ef hann telur sérstaka hættu á að barn hljóti skaða af framhaldi hennar. Þykir orðalag 45. gr. laganna ekki til þess fallið að tryggja að hagsmunir barnsins séu hafðir í fyrirrúmi en ekki aðeins til hliðsjónar, en samkvæmt greininni virðist sýslumanni ekki heimilt að grípa inn í jafnvel þó hætta sé talin á að barn muni hljóta skaða af gerðinni, heldur einungis í *yftrustu* tilvikum og ef hættan á skaða fyrir barnið er talin *sérstök*.

Í athugasemdum við frumvarpið sem hér er til umfjöllunar er farið allnokkrum orðum um það að viðurlög séu nauðsynleg til að reyna að tryggja að barn fari ekki á mis við þá umgengni sem gagnast því best. Með viðurlögum sé einnig undirstrikað að tálmun sé brýnt brot á forsjárskyldum foreldris. Þó þessum fullyrðingum verði ekki með öllu andmælt telur Barnaverndarstofa rétt að viðurlögum við brotum af þessu tagi sé beint að brotamanninum en ekki að barninu og leggur stofan til að aðrar leiðir verði farnar við að framfylgja umgengnisrétti en að gera það með beinni aðför.

II.

Í frumvarpinu eru jafnframt lagðar til breytingar á ákvæðum laganna sem lúta að því að minnka eða afnema aðkomu barnaverndaryfirvalda að ágreiningi í forsjár- og umgengnismálum þegar ekki er um barnaverndarmál að ræða. Er hér einkum um að ræða breytingar á 32., 33., 47. og 48. laganna.

Barnaverndarstofa sér ástæðu til þess að fagna þessum breytingum og taka undir það sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið hvað þennan þátt varðar.

Barnaverndarstofa er fús til að veita allsherjarnefnd Alþingis allar nánari upplýsingar og skýringar og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði óskað eftir því.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Arndís Anna K. Gunnarsd.
Arndís A. K. Gunnarsdóttir, lögfr.